

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar nr. 157/1985, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Upphæð eftirlitsgjalda skv. 4. gr. verður sem hér segir:

1. flokkur	kr. 7.500	3. flokkur	kr. 25.000
2. flokkur	kr. 16.000	4. flokkur	kr. 49.000

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. apríl 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 185

7. apríl 1989

SAMÞYKKT

um breytingu á gjaldskrá nr. 108/1987, fyrir heilbrigðiseftirlit á Akranessvæði, með breytingu nr. 213/1988.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16., og 17. tl. 2. gr. laga nr. 81/1988, skal árlega greiða eftirlitsgjöld svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 9.200	4. flokkur kr. 35.300
2. flokkur kr. 18.400	5. flokkur kr. 47.500
3. flokkur kr. 25.700	6. flokkur kr. 59.900

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits semur fyrir hönd svæðisnefndar lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki á svæðinu í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari. Listi þessi skal afhentur skrifstofu Akranessbæjar, sem innheimtir eftirlitsgjöld í umboði sveitarstjórnar á svæðinu og stendur skil á þeim í sjóð heilbrigðiseftirlits svæðisins.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarfélögum á heilbrigðiseftirlitssvæði Akraness, sbr. 3. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með skv. 5. gr. sömu laga og öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. apríl 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.